

Ed.

705. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka
18. sept. 1885 m. m.

Nefnd sú, er háttv. Ed. kaus til að ihuga mál þetta, hefir rætt það á nokkrum fundum.

Sökum þess, hve mjög störf bankans aukast ár frá ári, getur nefndin eftir atvikum fallist á það, að bætt sé við einum bankastjóra, svo að þeir verði framvegis tveir.

Að gjöra þá breytingu frá núverandi fyrirkomulagi, að skipa ráðunaut í stað gæzlustjóra þykir nefndinni eigi full ástæða til, og mælir með að engin breyting sé gjörð að því, er það atriði snertir. Að því er laun starfsmanna bankans snertir, þá ræður nefndin til, að bankastjórnarnir hafi í föst laun 6000 kr. hvor; hún ræður og til þess, að laun bókara séu látin vera 3500 kr. eins og nú er.

Með eftirfylgjandi breytingartillögum leyfir nefndin sér að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið.

Við framsögu málsins mun gjörð frekari grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar.

Efri deild alþingis, 1. maí 1909.

Jens Pálsson,
formaður.

Jósef Björnsson,
skrifari og framsögumaður.

Eiríkur Briem.

Lárus H. Bjarnason
með fyrirvara.

Kristinn Danielsson.

Breytingartillögur:

1. Við 1. gr.

Í stað orðanna »og einn ráðunautur i senn« komi: með sex mánaða uppsagnargnarfresti og tveir gæzlustjórar, er kosnir séu sinn af hvorri deild alþingis til 4 ára í senn eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt.

2. Við 3. gr.

Fyrir orðið »ráðunauts« komi á báðum stöðum orðið: gæzlustjóra.

3. Við 4. gr.

a) Í stað orðsins »ráðunautur« komi: annarhvor gæzlustjórinn.

b) Í stað orðanna »ráðunauts úr« komi: þess gæzlustjórans úr, er fyr var kosinn.

4. Við 5. gr.

a) Fyrir »4000,00« komi: 6000,00.

b) Í stað »ráðunautur kr. 1200,00« komi: gæzlustjórar 1000 kr. hvor.

c) Fyrir »3000,00« komi: 3500,00.

d) Á eftir 2600,00 bætist inn í: Núverandi féhirðir heldur þó þeim launakjörum, er hann nú hefir.

e) »Auk framangreindra launa til hvors þeirra« falli burt.

f) Síðari málsgrein orðist þannig:

Láti núverandi framkvæmdarstjóri af forstöðu bankans fær hann árlega 4000 kr. lifeyri.

5. Við 6. gr.

Fyrir orðið »rannsaka« komi: skoða.